

Fundur skólaráðs Grunnskólans í Þorlákshöfn
haldinn 22. Janúar 2024 kl. 14:30

Mættir: Hrafnhildur Hlín Hjartardóttir foreldrafulltrúi, Eva Káradóttir kennarafulltrúi, Oliver Þór Stefánsson fulltrúi nemenda 10.bekk, Hulda Kristín Björnsdóttir, fulltrúi nemenda í 9. bekk, Sæunn J. Þórsdóttir fulltrúi nemenda í 9.bekk, Jón H. Sigurmundsson, fulltrúi grenndarsamfélags, Jónína Magnúsdóttir skólastjóri og Ragnhildur Þorsteinsdóttir aðstoðarskólastjóri.

Skólastjóri bauð skólaráðsmenn velkomna. Gengið til dagskrár.

1. Skólaþing nemenda miðvikudaginn 24. janúar 2024 nk. Markmið þingsins er m.a. að veita nemendum tækifæri til að taka þátt í lýðræðislegri samræðu um málefni sem hefur merkingu fyrir daglegt líf þeirra og skipulag skólstarfsins. Ragnhildur kom með dæmi um spurningar sem verða á þinginu. Jónína útskýrði af hverju við værum með spurningar um Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna, það stafar af því að Sveitarfélagið er með vinnu við Barnvænt samfélag.

2. Breyting á skráningu á leyfum í Mentor.

Þannig var það að foreldrar gátu skráð leyfi í staka tíma á börn sín. Við komumst að því að einstakir nemendur höfðu aðgang foreldra sinna og skráðu sig sjálf í leyfi. Um áramót var þessu breytt og nú þarf að tilkynna leyfi til skólaritara og/eða kennara.

3. Önnur mál

- Skóladagatal fyrir skólaárið 2024-2025. Skólarnir á Suðurlandi eru með sameiginleg haustfrí og vetrarfrí. Skóladagatalið verður tekið fyrir á næsta fundi Skólaráðs því þá verður komin meiri mynd á það.

- Eva fulltrúi kennara, sagði frá ferðum sem eru framundan hjá nemendum tengdu Erasmus verkefninu. Farið verður til Apenu þann 13. apríl og svo verður ferð í september sem er til Portúgal og þá lýkur þessu Erasmus verkefni. Þetta verkefni er í samstarfi við Hveragerði. Umræða um hvort við viljum halda áfram í svona verkefni. Eva sagði frá því hvað þetta væri mikil upplifun fyrir okkar nemendur og ekki síst nemendur sem til okkar koma frá öðrum löndum.

Fleira ekki gert, fundi slitið.
Ragnhildur Þorsteinsdóttir, fundarritari

